

Nafnspjald

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Tengja saman tvö efni og vinna að verkefni sem tengist nemendum persónulega. Búa til nytjahlut sem nemendur taka með sér heim og gefa hlutverk.

Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Textílmennt, íslenska, lífsleikni.

Aldur: Yngsta stig.



VERKLÝSING

Þetta verkefni er unnið inni og plattar frá Skógræktinni notaðir undir stafina sem gerðir eru úr fibon-leir.

Ef möguleiki er á því að sækja þetta efni út í skóg fæst góð tenging við skóginn og efnisöflun úr skóginum.

Þá er hægt að láta nemendur fylgjast með þurrkun efnisins ásamt því að bera saman þyngd fyrir og eftir þurrkun. Nemendur leggja þá líka vinnu í að þússa eigin platta áður en hann er merktur með leir eða hverju því sem hugarflugið ber okkur að.

Einnig er hægt að merkja með brennipenna eða grönnum greinum sem eru þá festar með örðum hætti.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Skásagaður, þurrkaður og þússaður viðarplatti, 2 cm þykkur og u.þ.b. 15-20 cm langur fibon-leir.